

Sveitarfélagið Árborg  
Bárður Guðmundsson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Austurvegi 2, Ráðhúsi  
800 Selfoss



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. nóvember 2013  
Tilvísun: UST20131100012/bs

### Aðalskipulag Árborgar 2010-2035, breyting - lýsing. Umsögn


Vísað er til bréfs sveitarfélagsins Árborgar dags. 4. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda skipulags- og matslýsingu.


Hér er um að ræða breytingu á aðalskipulagi Árborgar vegna lagningar jarðstrengs milli Selfoss og Þorlákshafnar, þar af eru 16,5 km innan sveitarfélagsins Árborgar.

Fyrirhugað er að nýta þjónustuveg sem lagður verður meðfram strengleiðinni sem undirlag undir göngu- og hjólastíg. Fyrirhugað er að leggja strenginn að mestu meðfram vegum, slóðum og framræsluskurðum. Línuleiðin liggur að mestu um ræktað land og liggur ekki um jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda lýsingu.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur